

Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir

Svikarinn
Jakob



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: M. Maillot; Lazarus
Aðlaggað af: M. Kerr; Sarah S.
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Ísak og Rebekka áttu von
á einstakri sendingu
frá Guði. Þau voru
umþaðbil að eignast
tvíbura. Þau
hljóta að hafa
verið í sjöunda
himni.



Tvíburarnir
brutust um í
móðurkviði.
Rebekka bað til
Guðs, sem sagði
henni að synir
hennar tveir
mundu verða
leiðtogar
tveggja þjóða,
og að sá yngri
yrði hinum
meiri.



Tvíburarnir voru ólíkir. Esaú, sá eldri, sem var hárugur mjög, varð mikill veiðimaður er hann óx upp. Jakob var gæfur maður og heimakær. Esaú var uppáhaldssonur Ísaks en Rebekka hélt meira uppá Jakob.



Dag einn bað svangur Esaú Jakob um bita af kjötkássu sem hann var að elda. Já, ef þú afsalar mér frumburðarrétt þinn, svaraði Jakob.


Esaú virti frumburðarrétt sinn lítils og samþykkti tilboð Jakobs. Nú mundi Jakob verða höfuð fjölskyldunnar eftir dauða Ísaks.



Guð birtist Ísak og sagði: "Ég er Guð Abrahams föður þíns. Ég er með þér og mun blessa afkomendur þína." Þótt Ísak elskaði Guð og væri honum hlýðinn, þá giftist Esaú tveimur konum af framandi ættum sem ekki trúðu á Guð.



Ísak var orðinn gamall. "Gefðu mér að borða villibráð," sagði hann við Esaú. "Þá mun ég blessa þig." Þessi sérlega blessun var frá föður til frumburðar. Esaú flýtti sér til veiðar.






Rebekka hafði ákveðna
áætlun. Hún flýtti sér
að elda upphaldsmat
Ísaks á meðan Jakob
íklæddist fötum
bróður síns, og hildi
háls og hendur með
loðdýraskinum.
Kannski þeim tækist
að svíkja hann.




Jakob færði föður sínum matinn. "Ég kannast við hendur þínar, en röddin er Jakobs," sagði Ísak. Þegar hann var búinn að borða, blessaði Ísak son sinn krjúpandi fyrir framan hann.



Skömmu síðar birtist Esaú. "Hér er maturinn," sagði hann. Þá vissi Ísak að hann hafði verið beittur brögðum.

"Blessun mín er óafturkallanleg, henni get ég ekki breytt." Hjarta Esaús fylltist hatri. Hann ákvað að drepa Jakob.



Rebekka heyrði hótanir Esaús. Hún sagði við Jakob,
"Farðu og vertu hjá frænda þínum þar til bróðir þinn
hefur gleymt því sem þú hefur
gert honum." Ísak samþykkti
að Jakob skyldi leita sér
konu úr ætt móður sinnar.
Jakob hélt að heiman.



Um nóttina áði hann og
hafði stein fyrir


kodda. Kannski hann
hafi verið einmana
eða hræddur, en
hann var ekki
einn. Guð
birtist honum í
stórkostlegum
draumi.



"ÉG ER GUÐ FEÐRA ÞINNA, ABRAHAMS OG ÍSAKS. ÉG ER MEÐ ÞÉR OG VARÐVEITI ÞIG. ÉG MUN GEFA ÞÉR PETTA LAND. ALLAR FJÖLSKYLDUR JARÐARINNAR MUNU BLESSAST AF FJÖLSKYLDU ÞINNI." Þá vaknaði Jakob. Hann var hræddur.



Laban, frændi Jakobs, tók vel á móti honum. Jakob varð ástfanginn af Raket frænku sinni. Þeir sömdu um að ef Jakob ynni hjá Laban í 7 ár,



fengi hann Raket fyrir eiginkonu.



"Þú hefur brugðið mér," sagði Jakob við Laban,
"þetta er Lea, ekki Rakel." "Eldri dóttirin verður
að giftast fyrst," sagði Laban. "Ef þú þjónar mér
í 7 ár í viðbót, máttu giftast Rakel líka."

Jakob samþykkti. Kannski þetta hafi
minnt hann á hans eigin brögð gegn
Ísak og Esaú forðum.



Jakob eignaðist ellefu syni. Hann langaði til að snúa aftur til Kanaanlands með fjölskylduna, þar sem foreldrar hans bjuggu. En Esaú, sem hafði heitið að drepa hann, bjó þar líka.



Þetta gæti orðið
hættulegt. Dag einn
fékk hann boð frá Guði
um að snúa til Kaanan.
Jakob undirbjó
fjölskyldu og dýrahjörð
fyrir ferðina heim.



Þetta varð merkilegt ferðalag.

Esaú kom til móts við

Jakob með fjögur hundruð

manna liði! Hann var

vingjarnlegur. Hann

hljóp til Jakobs og faðmaði

hann að sér. Bræðurnir

vinguðust, og Jakob var

nú kominn aftur

heim

á bernskustöðvar sínar.



Svikarinn Jakob

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Fyrstu Mósebók 25-33

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





6

60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inni líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

